Fundur foreldrafélags Varmárskóla og skólastjórnenda 27. feb 2017 kl. 08:30 – 09:40
Mættir: Björk Einisdóttir, Elín María Jónsdóttir, Jón Þór Ragnarsson, Óðinn Pétur Vigfússon, Solveig Ólöf Magnúsdóttir, Þóranna Rósa Ólafsdóttir, Þórhildur Elfarsdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Árný Elva Ásgrímsdóttir, Elísabet Jónsdóttir og Sigríður Ingólfsdóttir komust ekki.

Viðfangsefni fundar
1) Fara yfir verkefni í vinnslu – sjá hér fyrir neðan

Plan (undirbúningur verkefnis, upplýsingagjöf)	**Do** (Innleiðing eða framkvæmd verkefnis)	**Check / Act** (Staða tekin og smærri atriði aðlöguð)	**Verklok** (upplýsingagjöf, frágangur, mögulega fagnað árangri)
Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa (Þórunn, Sigríður Ingólfs, Björk Einis) Verklok: ótímasett			
		Senda út reikninga (Elín María) Verklok: 15/4	
	Aðkoma foreldrafélags að öskudeginum í skólanum (Árný og Elín María) Verklok: 10/3		
Rýna mögulega þróun á FgMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett			

2) Rædd hugmynd um að sameina mögulega aðalfund foreldrafélags einhverjum viðburði skólans að vori t.d. skólaslitum og fá mögulega að koma inn á skólasetningu til að kynna hlutverk bekkjarfulltrúa. Tekið mjög vel í hugmyndina af skólans hendi og verður útfært þegar nær dregur.

3) Upplýsingar gefnar frá skólaráðsfundi sem var 9. Feb og kemur fundargerð eftir fundinn von bráðar á vef skólans. Verið að vinna að starfsáætlun skólans og hrósuðu foreldrar þeirri vinnu mikið.

4) Vangaveltur um hugmynd frá fyrri stjórn um vísindadag og upplýsti skólinn að ekki væri á dagskrá að setja upp vísindadag.

5) Vangaveltur hvort við í foreldrafélaginu gætum hjálpað til við nýta heimasíðuna eða aðra miðla betur til upplýsingagjafar fyrir foreldra í skólanum. Ákveðið að foreldrafélagið myndi leggja sitt af mörkum til að minna foreldra á facebook síðu skólans þar sem margar nytsamlegar og skemmtilegar upplýsingar koma fram.

6) Vangaveltur frá síðasta fundi foreldrafélagsins um gangbrautarvörslu á morgnana og öryggi nemenda á leið til og frá skóla. Skólinn upplýsti að eftir að undirgöngin komu þá hefði þörfin fyrir

gangbrautarvörslu ekki verið lengur til staðar. Hrósuðu skólastjórnendur nemendum í hástert fyrir að nýta sér undirgöngin og foreldrum fyrir að keyra varlega í kringum skólann.

7) Önnur mál
    - Rætt var um forvarnarmál og hvernig við gætum öll hjálpast að við að fá enn fleiri foreldra á viðburði sem skólinn stendur fyrir tengda forvörnum. Ákveðið að foreldrafélagið myndi leggja sitt af mörkum til að kynna viðburðina s.s. á facebook síðum foreldra og með tölvupóstum.
    - Skíðaferð fyrir eldri deild verður 13. Mars. í Bláfjöll. Upp kom hugmynd um hvort hægt væri að fá opnun í Skálafelli í miðri viku á næsta ári fyrir krakkana í Mosó og mögulega sammælast með hinum skólum bæjarins. Ákveðið að setja þessa hugmynd á hugmyndalistann fyrir næsta ár.
    - Hugmynd kom upp varðandi að fá foreldra til að halda örnámskeið í skólanum, bæði til að auka enn frekar tengsl skóla og foreldra og einnig til að búa til vettvang fyrir foreldra til að kynnast á annan hátt. Ákveðið að setja þessa hugmynd á hugmyndalistann fyrir næsta ár.
    - Hugmynd kom upp til að auka upplýsingaflæði til foreldra og nemenda í unglingadeild um skipulag skólastarfsins að búa til leiðbeiningar fyrir 8. bekkinginn, 9. bekkinginn og 10. bekkinginn. Sett á hugmyndalistann.

Næst fundur með skólastjórnendum verður haldinn þriðjudaginn 28. mars kl. 19:45 – 21:15.

To do fyrir næsta fund með skólastjórnendum
- Koma fundargerð frá fundi skólaráðs á vef skólans - Þóranna
- Koma þessari fundargerð á vef skólans – Þórunn og Þóranna eða Solveig
- Senda tölvupóst til foreldra, láta vita af nýjum fundargerðum og minna foreldra á facebook síðu skólans - Þórunn

Eftirfarandi á að vera lokið fyrir næsta fund stjórnar foreldrafélagsins þann 14. Mars kl. 19:45 – 21:15
1) Árný og Elín María:
    - Skipuleggja aðkomu foreldrafélags að öskudeginum í samráði við skólann
    - Spilastokkar ath – væri það eitthvað sem fengur væri í að skólinn fengi?
2) Elín María:
    - Fá fundargerðarbók frá ritara síðustu stjórnar
    - Senda út greiðsluseðla
3) Þórunn:
    - Bæta við í tölvupóst til foreldra að hvetja önnur hverfi að taka upp þann skemmtilega sið sem skapast hefur í Leirvogstunguhverfinu að bjóða krökkum að ganga í hús á öskudeginum
    - Fá fund með formönnum og einum stjórnarmeðlimi í foreldrafélögum Krikaskóla og Lágafellsskóla til að ræða mögulega þróun FgMos